

VSÓ RÁÐGJÖF



SÓLHEIMAR 29 OG 35

ÍBÚÐIR FYRIR HÆLISLEITENDUR

Ástandsmat og kostnaðaráætlun

Verknúmer: 23297

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	21.06.2023	ÞA/KAL	KAL	KAL

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Lýsing á húsnæði	4
3	Yfirlit yfir stærðir	5
4	Ástandmat og skoðun	6
4.1	Almennt um skoðun	6
4.2	Ástand innanhúss	6
4.2.1	<i>Íbúðir – almennt</i>	6
4.2.2	<i>Sólheimar 29, mhl 01</i>	7
4.2.3	<i>Sólheimar 35, mhl 02.</i>	9
4.3	Nauðsynlegar úrbætur – innanhúss (mhl.01 og 02)	11
4.4	Ástand utanhúss og nauðsynlegar úrbætur	13
4.4.1	<i>Almennt um skoðun</i>	13
4.4.2	<i>Sólheimar 29</i>	13
4.4.3	<i>Sólheimar 35</i>	14
4.4.4	<i>Lóð</i>	15
5	Kostnaðarmat	17
6	Lokaorð og hugleiðingar	18
7	Viðauki	20
7.1	Ljósmyndir	20
7.1.1	<i>Útlit / veggir</i>	20
7.1.2	<i>Þak, svalir og skyggni</i>	21
7.1.3	<i>Gluggar og Útihurðir</i>	23
7.1.4	<i>Tröppur</i>	26
7.1.5	<i>Innanhúss</i>	27
7.2	Ajour skýrsla	32

1 Inngangur

VSÓ Ráðgjöf hefur að beiðni Reykjavíkurborgar, framkvæmt ástandsmat á byggingunni Sólheimar 29 og 35 (mhl. 01 og mhl.02) – íbúðir fyrir hælisleitendur.

Óskað var eftir að matið innihéldi eftirfarandi atriði:

- *Ástandsmat á innra og ytra byrði hússins*
- *Áætlað kostnaðarmat við endurbætur*

Ástandsmat þetta byggir aðallega á sjónmati. Ekki voru framkvæmdar sýnatökur eða aðrar rannsóknir vegna matsins. Til hliðsjónar við matið voru eftirfarandi gögn:

- *Aðaluppdrættir frá VA arkitektum dags. 09.12.2016.*
Stuðst var einnig við fleiri teikningar á borgarvefsjá (borgarvefsja.reykjavik.is).
- *Fasteignaskrá*

Byggingin var skoðuð við góðar aðstæður 5. júní 2023 innanhúss og 7. júní 2023 utanhúss ásamt lóð. Skoðunarmenn, Kristinn Alexandersson og Þórunn Arnardóttir starfsmenn VSÓ ráðgjafar. Fulltrúar f.h. Reykjavíkurborgar voru Sigurður Jörgensson frá Gott verk ehf. og Bahim fulltrúi hælisleitenda.

Í skoðun voru teknar ljósmyndir og skráðar niður upplýsingar um ástand tiltekins byggingarluta. Hluta af ljósmyndum og öðrum fylgigögnum má finna í viðauka, kafla 7 aftast í skýrslu.

2 Lýsing á húsnæði

Um er að ræða samliggjandi byggingar, Sólheima 29 matshluti 01 og Sólheimar 35 matshluti 02. Húsin eru hönnuð af Halldóri Jónssyni og byggð á árunum 1960 -1961. Eigandi er sveitafélagið Reykjavíkurborg sem á og rekur húsið í dag.

Sólheimar 29, mhl. 01

Húsið er steyppt með nýlega endurnýjuðu þakjárnri og skiptist í fjórar íbúðir með sameiginlegri forstofu á milli tveggja íbúða. Gluggar að aftan og á norðurgafli eru nýlegir úr ál-tré, en að framanverðu hússins úr timbri eins og hurðir. Gluggar eru með tvöföldu gleri. Húsið er einangrað að innan. Hefðbundið ofnakerfi er í húsinu og loftræsing er náttúruleg nema í gluggalausum rýmum, þar er vélræn loftræsing. Lagnir eru almennt utanálggjandi úr álpex, galvanhúðuðu stáli og hluta til ryðfríar lagnir.

Gangstétt er fyrir framan inngangur í íbúðir og þar fyrir framan er af-girt leiksvæði fyrir börn. 11 bílastæði eru á lóðinni. Sorptunnur eru við norðvesturgafli hússins. Íbúðir skiptast almennt í 1-2 svefnherbergi, eldhús, stofu og tvö samhliða baðherbergi með annarsvegar salerni og hinsvegar sturtuklefa. Inntaksrými (kyndiklefi) er staðsett í kjallara og er 17 m². Almennt er dúkur á gólfi í íbúðum, hvít innrétting í eldhúsi og hvítmálaðir veggir. Nánari lýsing hvernar íbúðar má finna í kafla 4.2.2.

Sólheimar 35, mhl. 02

Á milli húsa, er millibygging sem tilheyrir mhl 02, húsi 35. Í henni er íbúð sem er nýtt sem rými fyrir starfsmenn. Íbúðin var gerð upp nýlega og samanstendur af flísalögðu forrými, stofu með harðparketi, herbergi, eldhúsi og baðherbergi sem eru dúkalögð með línoleum dúk. Í eldhúsi eru hvítar sprautulakkaðar innréttingar, flísalagt á milli efri og neðri skápa. Nánari lýsing rýmis má finna í kafla 0.

Húsið er steipt með nýlega endurnýjuðu þakjárnri og skiptist í 3 hæðir, þ.m.t. kjallara. Á hverri hæð eru tvær íbúðir. Gluggar eru hefðbundir timburgluggar með tvöföldu gleri. Útihurðar eru úr timbri.

Ofnakerfi í húsinu er hefðbundið og loftræsing er náttúruleg. Lagnir eru almennt utanáliggjandi úr álpex, galvanhúðuðu stáli og hluta til ryðfríar lagnir. Reyklosunarlúga er í þaki yfir stigahúsi, hægt er að opna hana frá anddyri (stærð á lúgu er 1 m²).

Í kjallara eru 2 íbúðir. Önnur íbúðin (0002) samanstendur af eldhúsi, baðherbergi og stofu sem nýtt er sem herbergi. Íbúðin hefur sér inngang suð-austan við húsið. Gengið er niður tröppur inn í lítið anddyri inn í íbúðina. Hin íbúðin (0001) samanstendur af eldhúsi, holi, tveimur baðherbergjum – annað með salerni og hitt með sturtuklefa, herbergi og stofu sem nýtt er sem herbergi. Íbúðin hefur einnig sér inngang suð-austan við húsið, niður tröppur, inn í lítið anddyri. Úr íbúðinni er hurð inn í sameiginlegt þvottahús fyrir allar íbúðir í húsinu. Inn af þvottahúsi er rými sem nýtt er sem geymsla fyrir eigendur. Í kjallara má einnig finna aðal rafmagnstöflu hússins og rými fyrir inntök OR. Í sameign er teppalagður hringstigi upp á 2. hæð.

Á fyrstu hæð hússins eru tvær íbúðir. Inngangur annarrar íbúðarinnar (0102) er í gegnum sameign. Sú íbúð samanstendur af herbergi, eldhúsi, baðherbergjum – annarsvegar með sturtuklefa og hinsvegar með salerni. Inngangur hinnar íbúðarinnar (0103) er á gaffli hjá aðalinngang hússins. Íbúðin er ekki eins og á teikningu, búið er að bæta við herbergjum. Hún samanstendur af þremur herbergjum, stofu, opnu eldhúsi og baðherbergi.

Gengið er upp tröppur í sameign upp á aðra hæð þar sem má finna inngang að tveimur íbúðum. Íbúðin norð-austan megin (0202) samanstendur af 4 herbergjum, stofu, eldhúsi og baðherbergi. Íbúðin suð-vestan megin (0201) samanstendur af 3 herbergjum, stofu, eldhúsi og baðherbergi. Hvor íbúðin er með aðgengi út á suðaustur svalir úr herbergi. Í sameign er steiptur hringstigi upp í ris sem stendur tómt. Á suð-vestur gafl hússins eru sorptunnur fyrir íbúa.

Almennt er harðparket á gólfi í íbúðum, flísar/dúkur á baðherbergisgólfum, hvít sprautulökkuð innrétting í eldhúsi og hvítmálaðir veggir. Nánari lýsing hverrar íbúðar má finna í kafla 0.

3 Yfirlit yfir stærðir

Samkvæmt fasteignaskráningu Þjóðskrá Íslands er stærð húsanna eftirfarandi:

Sólheimar 29		
Merking	Lýsing	Flatarmál
010101	Verslun	56,3
010102	Verslun	13,2
010103	Verslun	198,7
010104	Verslun	37,8
010105	Verslun	96,9
Alls séreignir		402,9
Sameign (x)	Sameign allra	17,2
Samtals séreignir og sameign		420,1

Sólheimar 35		
Merking	Lýsing	Flatarmál
020002	Íbúð í kjallara	45,7
020003	Íbúð í kjallara	99,1
020101	Vörug. og iðnaður	144,1
020102	Heilsugæsla	159,5
020201	Íbúð á hæð	106,7
020102	Íbúð á hæð	93,4
Alls séreignir		648,5
Sameign (x)	Sameign allra	51,8
Samtals séreignir og sameign		700,3

Í skráningartöflum samþykktum af byggingarfulltrúa 14.mars 2017 er flatarmál Sólheima 29 skráð 419,1 m² og Sólheima 35 749,9 m² eða 49,6 m² stærra en núv. skráning í Þjóðskrá.

Samkvæmt lauslegri athugum eru ofangreint frávik Sólheima 35 aðallega tengt stærð á nýtanlegu þakrými (risi) sem ekki er skráð í Þjóðskrá, sjá nánar í skráningartöflum. Óverulegt frávik er á Sólheimum 29 eða um 1,0 m².

Eins og fram kemur í ofangreindum töflum eru Sólheimar 29 skráð sem verslun og hluti Sólheima 35 sem Heilsugæsla og iðnaður/vörugeymsla, sem er ekki í samræmi við núv. notkun og samþykka aðaluppdrætti dags 14. mars 2017.

Stærð lóðar er 2.437,0 m².

Mikilvægt er að lagfæra skráningu í samræmi við samþykka aðaluppdrætti.

4 Ástandmat og skoðun

4.1 Almennt um skoðun

Allt húsið var skoðað að utan og innan, farið var inn í allar íbúðir hússins. Ekki var notast við nein mælitæki önnur en rakatæki og dróna til að meta ástand hússins. Gengið var með fulltrúum hússins við góðar aðstæður. Við skoðun voru teknar ljósmyndir og athugasemdir skráðar niður jafnóðum. Sigurður verktaki, fulltrúi eiganda, sat fyrir svörum ásamt því að benda skoðunarmönnum á staði sem hafa skapað vandamál.

4.2 Ástand innanhúss

4.2.1 Íbúðir – almennt

Hér fyrir neðan er farið almennt yfir ástand byggingarluta í íbúðum. Í kafla 4.2.2 annarsvegar og 4.2.3 hinsvegar má finna lýsingu hvernar íbúðar fyrir sig fyrir Sólheima 29 og 35.

Gólfefni

Íbúðir: í flestum íbúðum er línoleum dúkur eða harðparket á gólfum. Gólfefni er almennt bólgíð og illa farið (Mynd 20 í viðauka). Hækkandi raki mælist í sumum gólfum í nokkrum íbúðum, einkum á jarðhæð/1hæð.

WC: Á flestum baðherbergjum er vinyl dúkur á gólfi sem er almennt ágætlegu ástandi.

Innihurðir

Innihurðir eru timburhurðir. Karmar eru víða illa farnir vegna raka og hurðir í misgóðu ástandi (mynd 17 í viðauka).

Innveggir

Innveggir eru almennt léttir, klæddir með spónaplötum og steypfir burðarveggir. Veggir eru almennt í góðu ástandi málaðir í ljósum lit. Almennt er ástand ásættanlegt, en á einstaka stöðum má huga að málun.

Eldhúsinnréttingar og tæki

Innréttingar eru sprautulakkaðar með efri og neðri skápum. Sérstæð eldavél með ofni og 4 hellum, vífta er fyrir ofan hellur. Innréttingar eru í mis góðu ástandi, en flestar fremur illa farnar. Nánast undantekningarlaust eru efri skápar fyrir ofan víftu í íbúðum illa farin vegna hita og raka frá eldavél, vífta virðist ekki virka eins og skildi (mynd 25 í viðauka).

Baðherbergi

Baðherbergi samanstanda af salernisaðstöðu, handlaug og sturtuklefa. Í einstaka íbúðum er baðkar. Engar innréttingar eru á baðherbergjum.

Loftræsing

Almennt er loftræsing náttúruleg um glugga, nema í gluggalausum rýmum, þar er vélræn loftræsing. Í einstaka íbúðum er loftræsing í eldhúsum, einkum þar sem gluggi er fjarri.

Lagnir, hita – og neysluvatnskerfi

Hitalagnir og ofnalagnir eru almennt utanáliggjandi. Virkni ofna og ofnloka virðist vera í lagi. Á nokkrum stöðum er málning að flagna af utanáliggjandi pípulögnum.

Raflagnir

Raflagnir eru almennt í þokkalegu ástandi. Ljósakúplar eru þó víða gamlir og mætti huga að endurnýjun.

Bruna- og öryggismál

Víða vantar reykskynjara og slökkvitæki hafa ekki verið yfirfarin nýlega. Einnig eru sumar inngangshurðir ekki að uppfylla skilgreindar brunakröfur. Einnig er gler í svalagluggum og hurð ekki EW30 eins og skilgreint er á samþykktum aðaluppdráttum.

Aðgengismál

Íbúðir almennt uppfylla ekki ítrustu kröfur byggingarreglugerðar um aðgengi fyrir fatlaða.

4.2.2 Sólheimar 29, mhl 01

Íbúð 0101

Almennt

Íbúðin samanstendur af tveimur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og tveimur litlum baðherbergisrýmum – annað fyrir salerni og hitt fyrir sturtuklefa. Framan við húsið er hurð út á verönd/ leiksvæði.

Á gólfum er epoxy frá anddyri að eldhúsi en annarsstaðar er linoleum dúkur að undanskildum baðherbergjum sem eru með vinyl dúk. Innrétting í eldhúsi er nýleg, hvítir efri og neðri skápar með dökkri plastborðplötu. Sérstæð eldavél með ofni og hellum og víftu fyrir ofan. Í horn herbergi eru hljóðvistarplötur í lofti. Innihurðir eru úr við.

Ábótavant

Hækkandi raki mældist í gólfi. Epoxy gólfefnið er farið að springa og linoleum dúkurinn farinn að losna frá gólfi. Ílögn í gólfi er greinilega laus á hluta. Hurðarkarmar á innihurðunum eru illa farnir að neðan vegna rakaskemmda. Hurð út á verönd er einnig illa farin. Efri skápar á innréttingu í eldhúsi er illa farnir vegna raka og hita fyrir ofan og við hliðina á víftunni.

Íbúð 0102

Almennt

Íbúðin samanstendur af tveimur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og tveimur litlum baðherbergisrýmum – annað fyrir salerni og hitt fyrir sturtuklefa. Hurð út á verönd/ leiksvæði.

Á gólfum er linoleum dúkur að undanskildum baðherbergjum sem eru með vinyl dúk. Innrétting í eldhúsi er nýleg, hvítir efri og neðri skápar með dökkri plastborðplötu. Sérstæð eldavél með ofni og hellum og víftu fyrir ofan.

Í horn herbergi eru hljóðvistarplötur í lofti. Innihurðir eru úr timbri.

Ábótavant

Nýlega var skipt um skólplagnir undir botnplötu að hluta til og nýlega búið að endursteypta í lagarás í gólfi (mynd 23 í viðauka).

Mikil skólplykt í íbúðinni þrátt fyrir opna glugga. Brotin rúða í baðherbergi með sturtuklefa. Efri skápur á innréttingu í eldhúsi er illa farin vegna raka og hita fyrir ofan víftu. Karmarnir á innihurðunum eru illa farnir að neðan vegna rakaskemmda. Hurð út á verönd er illa farin.

Íbúð 0103

Almennt

Íbúðin samanstendur af einu svefnherbergi, stofu, eldhúsi og stóru baðherbergi. Hurð út á verönd/ leiksvæði. Íbúðin er ekki í notkun.

Á gólfum eru tvær tegundir af linoleum dúk. Innrétting í eldhúsi er nýleg, hvítir efri og neðri skápar með dökkri plastborðplötu. Sérstæð eldavél með ofni og hellum og víftu fyrir ofan. Í horn herbergi eru hjóðvistarplötur í lofti. Innihurðir eru úr við.

Ábótavant

Baðherbergi er illa farið, brotið salerni, brotin sturtuklefi og rifinn gólfdukur. Í eldhúsi er niðurfall sem á eftir að steypa í. Gólfdukur er almennt laus og bólgin.

Karmarnir á innihurðunum eru ónýtir að neðan vegna rakaskemmda. Hurð út á verönd er illa farin.

Íbúð 0104

Almennt

Íbúðin samanstendur af tveimur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og tveimur litlum baðherbergisrymum – annað fyrir salerni og hitt fyrir sturtuklefa. Hurð út á verönd/ leiksvæði.

Á gólfum eru tvær týpur af linoleum dúk. Á baðherbergi með sturtuklefa er vinyl dúkur á gólfi. Innrétting í eldhúsi er nýleg, hvítir efri og neðri skápar með dökkri plastborðplötu. Sérstæð eldavél með ofni og hellum og víftu fyrir ofan. Í horn herbergi eru hjóðvistarplötur í lofti. Innihurðir eru úr við.

Ábótavant

Gólfdukur er almennt laus og bólgin. Karmarnir á innihurðunum eru ónýtir að neðan vegna rakaskemmda. Hurð út á verönd er illa farin.

Sameign

Anddyri 0105

Almennt

Anddyri er fyrir tvær íbúðir, 101 og 102. Í forrymi íbúðanna er epoxy gólfefni sem nær inn í hluta af íbúð 101 líka. Epoxy gólfefnið er sprungið og illa farið.

Ábótavant

Sprungur eru í epoxy gólfefninu.
Útidyrhurðin er illa farin.

Anddyri 0106

Almennt

Anddyri er fyrir tvær íbúðir, 103 og 104. Í forrymi íbúðanna er epoxy gólfefni. Epoxy gólfefnið er sprungið og illa farið.

Ábótavant

Sprungur eru í epoxy gólfefninu.

Útidyrhurðin er illa farin.

Tæknirými

Almennt

Á kjallara má finna inntaksrými lagna. Almennt ástand í lagi.

Ábótavant

Það mætti hreinsa og mála gólf.

4.2.3 Sólheimar 35, mhl 02.

Íbúð 0001

Almennt

Kjallara íbúð sem hefur sér inngang suð-austan við húsið. Gengið er niður tröppur inn í lítið anddyri. Íbúðin samanstendur af eldhúsi, holi, baherbergi og geymslu, herbergi og stofu sem nýtt er sem herbergi. Úr íbúðinni er hurð inn í sameiginlegt þvottahús fyrir allar íbúðir í húsinu.

Íbúðin er lögð línoleum dúki en annað herbergið (merkt sem herbergi) er teppalagt. Hvít eldhúsinnrétting með efri og neðri skápum. Sérstæðri eldavél með viftu fyrir ofan.

Ábótavant

Hækkandi raki mældist í gólfi. Gólfdukur er illa farinn og steypa er ójöfn undir gólfduki. Það þarf að taka upp gólfduki, slípa gólfíð og laga stalla og bungur áður en lagt er nýtt gólf. Rakaskemmd í eldhúsinnréttingu. Hurðir og karmar illa farin. Yfirfara málningu.

Íbúð 0002

Almennt

Kjallara Íbúð sem hefur sér inngang suð-austan við húsið. Gengið er niður tröppur inn í lítið flísalagt anddyri. Íbúðin samanstendur af eldhúsi, baðherbergi og stofu sem nýtt er sem herbergi. Hol er lagt línoleum dúk, herbergi er með harðparketi og baðherbergi flísalagt. Á baðherbergi er baðkar, salerni og handlaug ofan á skáp. Hvít eldhúsinnrétting með efri og neðri skápum. Sérstæð eldavél með viftu fyrir ofan.

Ábótavant

Hækkandi raki mældist í gólfi. Rakaskemmdir í harðparketi. Rakaskemmd í norðurhorni á herberginu í lofti og vegg - Sigurður tjáði okkur að það hefði lekið á hæð fyrir ofan og það sé ennþá að skila sér niður í íbúðina þrátt fyrir að búið sé að gera við á efri hæð. Eldhúsinnrétting er illa farin vegna raka og hita.

Íbúð 0101 – starfsmannarými (millibygging)

Almennt

Íbúðin var gerð upp nýlega og er í góðu standi, nýtt fyrir starfsmenn.

Gengið er inn í flísalagða forstofu og þaðan inn í stofu sem er með harðparketi. Í íbúðinni er eitt herbergi sem er lagt línoleum dúki. Eldhúsið er einnig með línoleum dúki, hvítum innréttingum með efri og neðri skápum og viftu ofan sérstæðrar eldavélar. Flísalagt á milli innréttinga. Hurð út í garð á bak við hús.

Línoleum dúkur á baðherbergi þar sem er salerni, handlaug og sturtuklefi. Flísalagt að hluta á bak við handlaug og ofn. Íbúðin er máluð í grænum og gráum lit.

Íbúð er í góðu ástandi og þarfnast engrar endurbóta.

Íbúð 0102

Almennt

Inngangur íbúðarinnar er í gegnum aðalinngang hússins í sameign. Íbúðin samanstendur af herbergi, eldhúsi, baðherbergjum – annarsvegar með sturtuklefa og hinsvegar með salerni. Harðparket á gólfi allsstaðar nema línoleum dúkur á baðherbergjum. Innrétting í eldhúsi er hvít með svartri plast borðplötu. Sérstæður ofn með hellum og vifta fyrir ofan. Tveir efri skápar.

Ábótavant

Innrétting í eldhúsi er illa farin. Harðparketið er illa farið vegna raka sem veldur því að endarnir á parketinu verpast.

Íbúð 0103

Almennt

Inngangur íbúðarinnar er á gaffli við aðalinngang hússins. Íbúðin er ekki eins og á teikningu, búið er að bæta við herbergjum. Hún samanstendur af þremur herbergjum, stofu, opnu eldhúsi og baðherbergi. Harðparket er á gólfum og hljóðeinangrandi plötur í loftum. Flísalagt baðherbergi með salerni, handlaug og sturtuklefa. Flísalagt anddyri. Íbúðin er almennt snyrtileg.

Íbúðin er í tiltölulega góðu ástandi.

Íbúð 0201

Almennt

Íbúð á annarri hæð samanstendur af 3 herbergjum, stofu, eldhúsi og baðherbergi. Íbúðin er með aðgengi út á svalir suð-austan megin. Harðparket á gólfi allsstaðar nema línoleum dúkur á baðherbergi. Innrétting í eldhúsi er hvít með svartri plast borðplata. Sérstæður ofn með hellum og vifta fyrir ofan. Á baðherbergi er baðkar, salerni og handlaug, flísalagðir veggir.

Ábótavant

Innrétting í eldhúsi illa farin vegna hita- og rakaskemmda. Svalahurð er ónýtt og lekur. Sigurður segir veggjatíflu hafa verið í íbúð og skipt öllu helstu út árið 2019/20, þrátt fyrir það er innrétting illa farin.

Íbúð 0202

Almennt

Íbúð á annarri hæð samanstendur af 4 herbergjum, stofu, eldhúsi og baðherbergi. Innrétting í eldhúsi upprunaleg, hvítir efri og neðri skápar og svört plast borðplata. Sérstæður ofn með hellum. Baðherbergið er flísalagt á gólfi og hluta veggja. Á baðherbergi er baðkar, salerni og handlaug.

Ábótavant

Harðparketið er illa farið vegna raka. Innréttingar í eldhúsi og baðherbergi, ásamt baðkari er komið til ára sinna. Veggflísar á baðherbergi eru ónýtar. Rakaskemmdir í vegg fyrir ofan eldhúsvask og eldavél. Innihurðir eru illa farnar.

Sameign

Í sameign er teppalagður hringstigi með stálhandriði og plast handlista frá 1 hæð upp á 2 hæð. Á fyrstu hæð er línoleum dúkur á gólfi. Önnur hæð í sameign er teppalögð eins og stigi. Stiginn upp í ris er úr timbri. Stiginn niður í kjallara er steypdur og málaður. Gólfíð í

kjallara er einnig steipt og málað. Í sameign í kjallara er sameiginlegt þvottahús. Inn af þvottahúsi er geymsla fyrir eigendur með hurð út í garð bak við hús.

Ábótavant

Málning mikið flögnuð af stiga upp í ris og einnig á gólfi í kjallara.

Tæknirými

Á kjallara gangi má finna inntaksrými OR og aðal rafmagnstöflu hússins. Almennt ástand í lagi, vel merkt og engar athugasemdir.

Ábótavant

Kominn tími á að hreinsa og mála gólf.

4.3 Nauðsynlegar úrbætur – innanhúss (mhl.01 og 02)

Gólfefni

Hækkandi raki mældist í nokkrum gólfum á jarðhæð einkum í íbúð 0101 í húsi nr. 29 og íbúð 0002 í húsi 35 sem þarfnast nánari skoðunar. Líklega má tengja það við fráveitulagnir undir botnplötu sérstaklega í íbúð 0101 í húsi nr. 29 og í húsi 35 má líklega gera ráð fyrir að drenlagnir virki illa meðfram kjallaraíbúðum svo og kjallaraveggir séu óþéttir. Hækkandi raki mældist í kjallaraveggjum á nokkrum stöðum en þó ekki í miklu mæli.

Almennt má segja að gólfefni þ.e. línoleum gólfdukur og harðparket sé komið á tíma. Sama má segja um gólf með epoxy (mynd 20 í viðauka). Undantekningar eru þó á þessu, þar sem segja má að gólfefni er í þokkalegu ástandi. Í starfsmannaíbúð 0101 er gólfefni í góðu ástandi.

Mælt er með því að mynda allar skolp- og regnvatnslagnir sérstaklega frárennslislagnir undir botnplötum regnvatnslagnir meðfram húsi (drenlagnir). Í framhaldi verði metið nánar ástand á gólfum þar sem mikil raki hefur mælst en líklega þarf að brjóta upp hluta af botnplötu þar sem raki hefur mælst hár.

Innihurðir

Hurðir eru almennt komnar til ára sinna, nema í þeim íbúðum sem hafa verið teknar í gegn nýlega. Nokkrar hurðir líta ágætlega út, en samt eru rakaskemmdir neðst í karmi og hurðarspjaldi (mynd 17 í viðauka).

Innihurðir með brunakröfu skv. aðaluppdráttum eru almennt orðnar gamlar og ekki er ljóst að þær uppfylli ítrustu brunakröfur. Sumar hurðir eru ekki með vottunarmiðar (merktar sem eldvarnarhurðir EICS30).

Inngangshurðir og innihurðir almennt eru komnar á tíma þ.e. eðlilegt að miða við að þeim verði skipt út á komandi árum. Ef farið verður í endurnýjun á hurðum er mikilvægt að hurðir uppfylli EICS30 þar sem þá á við í samræmi við kröfur núgildandi byggingarreglugerðar.

Innveggir, gluggar og útveggir að innan

Léttir veggir eru almennt gipsplötuveggir. Veggir eru almennt í góðu ástandi og eru greinilega málaðir reglulega. Sama má segja við útveggi að innan. Í fáeinum rýmum má þó huga að endurmálun.

Gluggar, að undanskildum gluggum á bakhlið og norð-vesturgafli í húsi 29, eru hefðbundnir timburgluggar og er ástand þeirra að innan almennt frekar slæmt. Raki á

milli glerja og gluggapóstar illa farnir (mynd 13 í viðauka). Önnur svalahurðin er ónýtt og lekur inn í rýmið, mælt er með því að skipta henni út strax (mynd 24 í viðauka), sjá einnig í umföllum um glugga og hurðir í kafla 4.4.

Eldhúsinnréttingar og tæki

Í flestum íbúðum eru raka og/eða hitaskemmdir í innréttingum (mynd 25 í viðauka), nema í íbúðum 0103 og 0104 í húsi 29 og íbúðum 0101 starfsmannaíbúð og 0103 í húsi 35.

Ábending kom frá íbúa í úttekt að ljós í sérstæðum ofnum/eldavélum kveiknar ekki þegar kveikt er á hellum eða ofni, bruna- og slysaþetta stafar af þessu. Mikilvægt að yfirfara alla ofna- og eldavélar í öllum íbúðum.

Baðherbergi

Baðherbergin eru flest komin til ára sinna, sturtuklefar orðnir gamlir og á flestum baðherbergjum vantar innréttingar (mynd 21 í viðauka). Í mörgum íbúðum eru baðherbergi tvískipt, annarsvegar með sturtuklefa og hinsvegar salernisaðstöðu. Ef farið væri í endurbætur á baðherbergjum væri tilvalið að rífa niður vegg og sameina þessi rými í eitt þar sem hægt er (íbúðir 101, 102, 104 í húsi 29 og íbúð 0001 í húsi 35).

Blöndunartæki voru ekki skoðuð/prófuð. Gólf á baðherbergjum eru í flestum tilfellum í þokkalegu ástandi. Kominn er tími á alsherjar yfirferð á baðherbergjum, bæði þrifatækjum (sturtuklefa, blöndunartæki, salerni, handlaugar oph.) og almennt vantar innréttingar. Mála veggi og eða flísaleggja eftir því sem við á.

Loftræsing

Almennt er loftræsing náttúruleg um glugga, nema í gluggalausum rýmum, þar er vélræn loftræsing. Loftræsing var ekki ástandskoðuð/virkniþrófuð.

Lagnir, hita – og neysluvatnskerfi

Hitalagnir og ofnalagnir eru almennt utanálggjandi. Virkni ofna og ofnloka virðist vera í lagi. Á nokkrum stöðum er málning farin að flagna á utanálggjandi pípulögnum (mynd 26 í viðauka). Mælt er með því að þegar farið verður í málningarvinnu væri lagnir endurmálaðar.

Raflagnir

Ástand rafkerfis þ.e. rofa, ljósa og búnaðar er að mestu í lagi en mætti huga að útskiptingu t.d. á ljósabúnaði sem er orðinn gamall. Þar sem starfsemi hússins hefur breyst, væri vert að skoða birtustig og lit hitastig lampa í íbúðum.

Bruna- og öryggismál

Í sumum rýmum íbúða er búið að taka niður reykskynjara. Reykskynjarar voru ekki prófaðir í úttekt, en mikilvægt er að reykskynjarar verði yfirfarðir og bætt við skynjurum í þeim rýmum sem þá vantar.

Slökkvitæki eru í öllum íbúðum en hafa ekki verið yfirfarin nýlega eins og lög gera ráð fyrir.

Yfirfara þarf sérstaklega brunakröfur á inngangshurðum íbúða. Flóttaleiðir og neyðarlýsingu þarf einnig að skoða sérstaklega. Lagt er til að gerð verði sér brunaöryggisúttekt á húsinu. Að mati undirritaðar þyrfti að koma fyrir felliflóttastiga frá svölum í húsi 35 og setja EW30 gler í svalaglugga og hurð í íbúðum 0204 og 0205 sbr. samþykkt aðaluppdrætti.

Aðgengismál

Íbúðir almennt uppfylla ekki íturstu kröfur byggingarreglugerðar um aðgengi fyrir fatlaða. Sérstaklega ekki í íbúðum á efri hæðum og í kjallara þar sem ekki er lyfta í húsinu. Bæta þyrfti aðstöðu til þess að hún uppfylli reglugerð fyrir fatlaða og væri hægt að gera það t.d. í íbúð 0103 í húsi 29, þar sem núverandi salerni er nægilega stórt til að uppfylla kröfur um aðgengi fyrir alla. Þetta væri einnig hægt að gera í öllum íbúðum í húsi 29 ef sturtu og salernisrými væru sameinuð ásamt rými fyrir framan.

Tæknirými (rafmagn og lagnir) og þvottahús

Inntak rafmagns og lagna er staðsett í kjallara hússins (hús nr. 35 mhl02) í tæknirými, innangengt frá gangi í sameign við hringstiga. Aðalrafmagnstafla hússins staðsett fyrir framan tæknirýmið. Dreifitöflur eru staðsettar í einstaka íbúðum. Sameiginlegt þvottahús er í kjallara á húsi 35. Endurmála þyrfti gólfín (mynd 27 í viðauka).

4.4 **Ástand utanhúss og nauðsynlegar úrbætur**

4.4.1 **Almennt um skoðun**

Allt húsið, Sólheimar 29 og 35, var skoðað að utan ásamt lóð. Sjónræn skoðun ásamt skoðun með dróna. Gengið var í blíðviðri. Við skoðun voru teknar ljósmyndir og athugasemdir skráðar niður jafnóðum.

4.4.2 **Sólheimar 29**

Útveggir

Útveggir eru steptir og málaðir í hvítum lit. Veggir eru múrhúðaðir og eða fitleraðir. Nýlega var farið í steypuviðgerðir þ.e. inndælingu á sprungum vegna leka og eru ummerki um þá framkvæmd á gafli húss nr. 29 (mynd 4 í viðauka). Á bakhlið hússins eru múr- og steypuskemmdir og einnig eru sprungur sjáanlegar (mynd 5 í viðauka). Á framhlið hússins er steypa einnig illa farin undir hurðum og gluggum. Víða er málning farin að flagna og veðrast. Víða á bakhlið þarf að lagfæra steypuskil við botnplötu.

Lagt er til að farið verði í múr- og steypuviðgerðir og í kjölfarið verði útveggir háþrýstipvegnir með háþrýstipvotti og endurmálaðir.

Gluggar

Gluggar á bakhlið hússins og norð-vesturgafli hafa nýlega verið endurnýjaðir og eru úr ál-tré. Þessir gluggar eru almennt vel með farnir, en ein brotin rúða í íbúð 0102. Gluggar á framhlið hússins eru úr timbri, málaðir hvítir. Þessir gluggar eru illa farnir, byrjaðir að fúna og málningin farin af flagna (mynd 14 í viðauka).

Gluggar á framhlið eru ekki viðgerðarhæfir og því eðlilegt að endurnýja fljótlega.

Útihurðir

Útihurðir eru málaðar timburhurðir. Þær eru almennt illa farnar, sér í lagi neðst, rakaskemmdir á körmum og þröskuldum og málning að flagna (mynd 15 í viðauka).

Skipta þarf út útihurðum samhliða endurnýjun á gluggum.

Stétt

Stétt fyrir framan innganga að framanverðu hússins er stept og mikið sprungin (mynd 11 í viðauka). Lagt er til að lóð verði yfirfarin í heild sinni, sjá nánar í kafla 4.4.4

Þak og steipt skyggni

Í úttekt var ekki farið upp á þak, en notast við dróna til þess að skoða og mynda.

Þak hússins er einhalla stólað þak á steipta þakplötu, klætt bárujárni og einangrað með sagi ofan á steipta plötu. Þakrými er lokað af og ekki hægt að skoða nema rjúfa þakið. Almenn er þakið vel með farið, enda nýlega búið að endurnýja allt þakjárn og tilheyrandi. Hluti borðarklæðningar var einnig endurnýjuð svo og allur þakpappi. Að sögn Sigurðar var þakvirki í góðu ástandi þegar skipt var um þakefni og engin sýnilegur raki/rakaskemmdir í sagi (einangrun).

Á bakhlíð hússins á þakinu eru snjógildirur og þrjár þakrennur. Fyrir framan hverja íbúð er steipt skyggni sem rammur inn íbúðirnar. Þakið á skyggninu er klætt með þakpappa sem er farinn að rifna og morkna (mynd 11 í viðauka). Í úttekt voru engin ummerki um leka frá þaki inn í íbúðir.

Ástand þaks er mjög gott en endurnýja þarf þakpappa á skyggni og fara í múrviðgerðir undir skyggni.

4.4.3 Sólheimar 35

Útveggir og svalir

Útveggir eru steiptir og málaðir í hvítum lit. Almenn í þokkalegu ástandi (mynd 6 og mynd 7 í viðauka). Á nokkrum stöðum er sprungunet sýnileg á hornum sem bendir til að þússning er laus og jafnvel morknun í steypu. Kantar meðfram gluggum ásamt vatnsbrettum viðrast almenn vera í góðu ástandi en þó má finna á stökum stað lausa þússningu í vatnsbrettum.

Tvennar svalir eru á suðausturhlíð. Steypan í svalagólfum er almenn sprungin og morkin þó aðallega á svölum fjær götu (mynd 10 í viðauka). Svalagólf á svölum fjær götu eru flísalaðar en á hinum svölunum er ómeðhöndluð steypa á gólfi. Flísarnar eru lausar og sumar brotnar. Ekki eru niðurföll á svölum.

Skyggni yfir 1 hæð er steipt og málað í dökkbrúnum lit. Steypan er mikið sprungin sérstaklega á hornum (mynd 9 í viðauka). Málningin er mikið flögnuð.

Fara þarf í múr og -steypuviðgerðir á útveggjum, skyggni og svölum. Endursteypa þarf að öllum líkindum stóran hluta svalagólfa og svalahandrið á göflum svala, ásamt skyggni. Svalahandrið að framanverðu er forsteipt (rimlahandrið). Ekki er ljóst hvort hægt verði að bjarga handriðum vegna endursteypu á svalagólfum. Reikna má því með að finna þurfi nýja lausn á útliti handriða þar sem ólíklegt sé að hægt sé að steypa sambærilegt handrið í dag nema með miklum tilkostnaði.

Bæta þarf við niðurföllum og niðurfallsrörum á svalir og tengja við núv. regnvatnslagnir í jörðu. Háþrýstipvo fleti og endurmála eftir múr -og steypuviðgerðir.

Gluggar

Gluggar eru úr timbri málaðir í dökkbrúnum lit. Gluggar eru almenn í lélegu ástandi, víða eru glerlistar illa farnir af fúa svo og botnstykki glugga. Málning víða flögnuð af gluggum og almenn þar sem ekki er fúi sýnilegur eru gluggaviður mjög gisinn/opinn (mynd 13 í viðauka).

Gluggar eru komnir á tíma og skynsamlegt að þeir verði endurnýjaðir á komandi árum. Ekki er skynsamlegt að fara í viðgerðir á gluggum enda væri það bara tímabundin lausn til fárra ára.

Útihurðir

Hurð við aðalinngang hússins er úr harði með hömruðu eldvarnargleri. Hún er í þokkalegu ástandi, en það vantar hurðarhún á hana. Viðarpanelar til hliðar við útihurð og

ofan við hana eru í sæmilegu ástandi, en mætti pússa og olíubera. Útihurð íbúðar 0103 er einnig úr harðvið, í sama ástandi og aðalhurð.

Útihurð íbúðar 0002 í kjallara er timburhurð máluð í dökkbrúnum lit eins og gluggarnir. Sú hurð er komin til ára sinna, þröskuldur lélegur og málning farin að flagna af (mynd 12 í viðauka). Hurðin kjallaraíbúðar 0001 hefur verið endurnýjuð og er í góðu ástandi.

Útihurð inn í starfsmannarými íbúðar 0101 er úr timbri og hvítmáluð. Málning er farin að flagna að neðan.

Kjallarhurðir inn að geymslu starfsmanna (við þvottahús) annarsvegar og inn í inntaksrýmis hinsvegar eru timburhurðir málaðar dökkbrúnar og eru í þokkalegu ástandi.

Mælt er með því að skipta út öllum útihurðum í húsi 29, útihurð í íbúð 0101 starfsmannarýmis og kjallarhurð 0002 í húsi 35. Yfirfara og lagfæra aðrar útihurðir.

Stétt og steypar/timbur tröppur

Steypst stétt upp við aðalinngang og starfsmannaíbúðar er í sæmilegu ástandi en aðeins sprungin og mætti laga í heild sinni með öllu húsinu (29 og 35).

Steypar tröppur við aðalinngang og kjallaraíbúða eru í þokkalegu ástandi, en þarfnast lítilsháttar múrviðgerða (mynd 16 í viðauka). Steypar tröppur niður í geymslu starfsmanna (við þvottahús) og inntaksrýmis eru illa farnar og þarfnast múr- og steypuviðgerða. Huga mætti að endurnýjun á timburtröppum á bak við hús. Þetta á einnig við um kjallaratröppuveggi að hluta til. Timburgrindverk fyrir tröppur upp að aðalinngang er illa farið og þyrfti að endurnýja.

Þak

Þak hússins tvíhalla sperruþak, klætt bárujárn. Í úttekt var ekki farið upp á þak, en notast við dróna til þess að skoða og mynda.

Almennt er þakið vel með farið, enda nýlega búið að endurnýja allt þakjárn og tilheyrandi. Hluti borðarklæðningar var einnig endurnýjuð svo og allur þakpappi

Í úttekt var farið upp í ris að skoða þakvirkið að innanverðu. Þakið er óeinangrað og lítur þakviki vel út þ.e. engar sýnilegar rakaskemmdir. Þakviður er þurr og ekkert sem bendir til þess að það þurfi að gera við þakvirki.

Ekki þörf á neinum aðgerðum. Bent er þó á að þak er óeinangað og ef ákvörðun verður tekin um að einangra þak þarf að skoða sérstaklega byggingtæknilegar lausnir er varðar öndun þaks ofl.

4.4.4 Lóð

Gróft ástandsmat á lóð:

Ekki var beðið sérstaklega um ástandsmat á lóð en skoðunarmenn gerðu gróft ástandsmat sem er eftirfarandi:

Á lóðinni fyrir framan húsið er leikvöllur fyrir börn, sjá myndir 1-3 hér að neðan. Leikvöllurinn er girtur af með netgirðingu með timburbatningum efst og neðst. Ef halda á girðingu, er nauðsynlegt að yfirfara og lagfæra. Timbur er farið að veðrast og sumir staurar eru skakkir þ.a. girðing er hallandi. Meiri hluti leikvallar er malbikaður, smá hluti gras og u.þ.b. fjórðungur lagður gervigrasi. Malbik er illa farið og sprungið. Grasið þarfnast næringar en gervigrasið er þokkalegu ástandi en þó eru ummerki um að undirlag sé ekki í lagi að hluta til (líklega malbik). Yfirfara þarf leiktæki á svæðinu en þau voru ekki sértaklega skoðuð í úttekt þessari en ljóst að hluti þeirra þarfnast útskiptingar sérstaklega af öryggissjónarmiðum og hreinlætis. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða á lóð er ekki til fyrirmyndar.

Meðfram húsi 29 við innganga er steipt stétt sem er mjög illa farin eins og áður hefur komið fram. Nauðsynlegt er að endursteypa eða brjóta upp núverandi steypu og helluleggja.

Steypa við aðalinngang húss 35 ásamt steiptum tröppum er í þokkalegu ástandi en þarfnast múr- og steypuviðgerða.

Malbikaður rampur er upp að steiptu plani við aðalinngang húss 35. Það er einnig sprungið og mætti huga að lagfæringum þegar farið verður í að laga lóðina.

Bílastæði eru norðvestan við húsið og eru þau ómalbikuð. Á aðaluppdráttum eru sýnd 11 bílastæði, ekki er gert ráð fyrir stæði fyrir hreyfihamlaða.

Baklóðir húsanna er að mestu með malarlagi og/eða grasi (óhirt). Æskilegt er að helluleggja meðfram húsinu, sérstaklega við innganga hjá kjallaraíbúðum og að timburtröppum á baklið húss.

Eins og fram kemur hér að ofan, er ljóst að fara þurfi í allsherjar endurbætur á lóð og endurskipulagningu m.t.t. aðgengi fyrir alla og betri nýtingu.



Mynd 1: Hér má sjá hluta lóðar við Sólheima 29 og 35.



Mynd 2: Leikvöllur.



Mynd 3: Malbik sprungið.

5 Kostnaðarmat

Hér á eftir er frumkostnaðaráætlun í utanhússviðgerðir og ýmsar nauðsynlegar endurbætur innanhúss. Auk þess er einnig lagt gróft mat (nálgun) á að lagfæra lóð sem er almennt í slæmu ástandi.

Allar tölur innihalda virðisaukaskatt (VSK) og eru á verðlagi í dag, byggingarvísitölu 114,8 stig.

Frumkostnaðaráætlun í ýmsa verkþætti innanhúss taka mið að núv. frágangi (gæðastigi) og er í nýppgerðri starfsmannaíbúð (sjá mynd 28 í viðauka).

Frumkostnaðaráætlun er eftirfarandi:

Framkvæmdir utanhúss

Verkþáttur	Sólheimar 29 Kr	Sólheimar 35 Kr	Alls Kr
Framkvæmdir utanhúss	39.522.000	60.792.700	100.314.700
Aðstaða og rekstur vinnusvæðis	2.300.000	3.700.000	6.000.000
Uppsetning aðstöðu og frágangur í verklok	1.200.000	1.200.000	3.600.000
Rekstur vinnusvæðis, öryggismál, vinnupallar/vinnulyftur ofl	1.100.000	2.500.000	3.600.000
Múr- og steypuviðgerðir	2.046.000	8.815.200	10.861.200
Múr- og steypuviðgerðir á steypum flötum	2.046.000	4.315.200	6.361.200
Endursteypa á svölum, tröppum og skyggnum	0	4.500.000	4.500.000
Háprýstjívottur og málnun	2.965.000	4.500.500	7.465.500
Háprýstjívottur og málnun steyptra flata	2.145.000	4.500.500	6.645.500
Endurnýjun á þakpappa á skyggni	820.000	0	820.000
Endurnýjun glugga, hurða ofl.	32.211.000	43.777.000	72.285.000
Rif og förgun á gluggum og hurðum	3.531.000	4.480.000	8.011.000
Nýir gluggar og útihurðir	25.680.000	35.000.000	60.680.000
Frágangur v/ gluggaframkvæmda (gluggakantar,sólbekkir, vatnsbretti ofl)	3.000.000	4.000.000	3.297.000
Yfirborðsmeðhöndlun á harðvið (útihurðir og viðarklæðning við innganga)	0	297.000	297.000
Endurnýjun á timburtröppur og handriðum	0	1.500.000	1.500.000
Hönnun, umsjón og eftirlit	5.137.860	7.903.051	13.040.911
Arkitekta- og verkfræðiráðgjöf	2.766.540	4.255.489	7.022.029
Umsjón, verkefnastjórn og eftirlit	2.371.320	3.647.562	6.018.882
Ófyrirséður kostnaður	6.698.979	10.304.363	17.003.342
Annað og ófyrirséð 15%	6.698.979	10.304.363	17.003.342
